Skipulagsstofnun

# Þjónustusíður

## Umsókn um kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði




Leiðbeiningar um notkun
þjónustusíðna Skipulagsstofnunar

Janúar 2024

# Þjónustusíður

Umsóknum um kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði er skilað í gegnum þjónustusíður á vef Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir að samskipti við Skipulagsstofnun fari fram í gegnum þjónustusíður og umsókn er sömuleiðis afgreidd þar.

Tengill á þjónustusíður er efst í hægra horninu á [vef Skipulagsstofnunar](#).

Krafist er innskráningar með rafrænum skilríkjum.




# Umsóknir

Til að senda inn nýja umsókn þarf að velja „Umsóknir“ í valmynd vinstra megin og síðan viðkomandi umsókn af lista.




Í kjölfarið opnast umsóknareyðublað til útfyllingar.

# Umsóknareyðublað

## UPPLÝSINGAR UM SVEITARFÉLAG

Umsóknareyðublað fyrir kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði er tvískipt.

Í fyrra þrepinu eru skráðar:

- Upplýsingar um sveitarfélag
- Kennitala sveitarfélags
- Nafn og kennitala tengiliðar sem sendir inn umsóknina birtist og ekki er hægt að breyta því. Skrá þarf tölvupóstfang fyrir samskipti.



## GÖGN MEÐ UMSÓKN

Í seinna þrepinu þarf að hlaða niður fylgiskjölum með umsókninni.




Til að senda erindi inn er að endingu smellt á *Senda umsókn*

# Málin mín




Eftir að umsókn hefur verið send birtist hún undir „Málin mín“ ásamt því að það stofnast í málaskrá Skipulagsstofnunar. Málið fær heitið: Umsókn um kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði. Skipulagsstofnun gefur málinu meira lýsandi heiti í málaskrá og það birtist á þjónustusíðunum. *Dæmi: Kostnaðarframlag fyrir endurskoðun aðalskipulags (heiti sveitarfélags).*

Mál eru upphaflega skráð með stöðuna: „Innkomið“ en staðan breytist í „Úthlutað/Í vinnslu“ þegar Skipulagsstofnun hefur hafið yfirferð. Þegar stofnunin hefur afgreitt erindið fær það stöðuna „Í biðstöðu“. Þegar framlag úr sjóðunum hefur verið innheimt að fullu fær málið stöðuna „Lokið“.

# Samskipti við Skipulagsstofnun

Samskipti við Skipulagsstofnun fara fram í gegnum þjónustusíður. Hægt er að leggja fram fyrirspurnir um stöðu máls eða svara fyrirspurnum Skipulagsstofnunar um málið í textareit undir „Samskipti“ í viðkomandi máli.




Tengiliðir máls fá senda tilkynningu í tölvupósti í hvert sinn sem Skipulagsstofnun uppfærir samskipti eða leggur fram ný skjöl.